

Tengsl staðsetningar fósturhöfuðs í grind og útkomu fæðingar

Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir

Sigrún Margrét Gústafsdóttir, sérnámslæknir

Sigurlaug Benediktsdóttir, sérfræðilæknir

Hulda Þorsteinsdóttir, sérnámslæknir

Elsa Ruth Gylfadóttir, ljósmóðir

Þegar fer að líða að fæðingu eru flest fullburða börn í höfuðstöðu og þannig er höfuðið leiðandi hluti barnslíkamans í fæðingunni í gegnum mjaðmagrind móðurinnar. Lengi hefur verið talið að tengsl séu milli langdreginna og erfiðra fæðinga og snúning fósturhöfuðs í grindarinngangi í upphafi fæðingar en ekki eru til birtar greinar um þetta efni. Í nýlegum rannsóknum á Landspítala var sýnt var fram á hvernig er hægt að nýta ómskoðun til þess að meta framgang í fæðingu á nákvæman og öruggan hátt. Þessar rannsóknir hafa vakið athygli og er nú Ísland í fararbroddi í rannsóknum tengdum ómskoðunum í fæðingum í heiminum. Er nú verið að byggja upp enn sterkari rannsóknarhóp til að halda þessum rannsóknum áfram við Landspítala.

Í greinum sem Hulda Hjartardóttir birti árið 2021 kom fram að algengast væri að hnakki fóstursins snéri aftur við upphaf fæðingar og að snúningur hnakka til hægri væri tengdur hægum framgangi og keisaraskurðum. Í þessari rannsókn ætlum við að kanna frekar tengsl milli stöðu kolls í grind og fæðingarútkomu hjá stærri hópi kvenna í fæðingu. Við komum til með að bjóða konum í rannsókn þar sem við metum stöðu fósturhöfuðs í upphafi fæðingar með sönarskoðun og tengjum það greiningum í fæðingu og fæðingarmáta. Niðurstöður rannsóknarinnar geta hjálpað betur að greina þann hóp kvenna í upphafi fæðingar sem er í aukinni áhættu á inngrípum í fæðingu og þar með áhættu fyrir bæði móður og barn og í framhaldinu hjálpað til þess að beina þróun meðferðarmöguleika að réttum hópi skjólstaðinga.